

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna
í samvinnu við Nótuna 2017
í Seltjarnarneskirkju
laugardaginn 2. desember 2017 kl. 17:00



Einleikari:
María Emilía Garðarsdóttir

Stjórnandi:
Oliver Kentish


Efnisskrá:

| | |
|-------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Johannes Brahms: | Háskólaforleikur, op. 80 |
| Max Bruch: | Fiðlukonsert í g-moll, op. 26 <i>Allegro moderato</i> <i>Adagio</i> <i>Finale - Allegro energico</i> |

HLÉ

| | |
|-----------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Jean Sibelius: | Valse triste |
| George Bizet: | L'Arlesienne Suite nr. 2 <i>I. Pastorale</i> <i>II. Intermezzo</i> <i>III. Menuet</i> <i>IV. Farandole</i> |

UM EFNISKRÁNA



Johannes Brahms (1833-1897) er talinn með höfuðtónskáldum nítjándu aldar. Hann var fjölhæfur tónlistarmaður, lærði ungur að leika á fiðlu og selló hjá föður sínum sem var bassaleikari. Tónlistarferil sinn hóf hann þó sem píanóleikari í sjómannaknæpum í fæðingarborg sinni Hamborg, þá aðeins á unglingsaldri. Brahms var með afbrigðum vandvirkur við tónsmíðar sínar, næstum til vandræða, því erfitt er fyrir síðari tíma fræðimenn að átta sig á vinnuaðferðum hans og þroskasögu. Hann fargaði öllum verkum sem hann samdi fyrir 19 ára aldur, svo og flestum drögum að verkum sem hann samdi síðar. Vitað er að hann vann að sumum verkum svo árum skipti og hélt áfram að breyta þeim og umskrifa í 10-20 ár. Lengi framan af tónskáldaferli sínum skrifaði hann mest fyrir píanó. Hann var orðinn rúmlega fertugur þegar hann skrifaði fyrstu sífóníu sína. Eftir það rak hvert stóra sífóníska verkið annað, og allar fjórar sífóníur hans urðu til á 9 ára tímabili. Hann samdi tvo forleiki sem báðir heyrast oft á tónleikum hljómsveita. Þeir eru býsna ólíkir að gerð. Sá sem hér er fluttur er hressilegur og bjartur, Akademische Ouverture, og oft leikinn við athafnir í háskólum heimsins enda byggður á stúdentasöngvum. Hinn er alvarlegur og þungur, Tragische Ouverture. Hann fluttum við síðastliðinn vetur, á marstónleikum okkar.



Max Bruch (1838-1920) fæddist í Köln og stundaði tónlistarnám þar og í Frankfurt. Hann stjórnaði hljómsveitum víða, meðal annars Liverpool og Breslau (nú Wrocław í Póllandi). Einnig var hann um tveggja áratuga skeið yfirmaður tónsmíðadeildar Tónlistarháskólans í Berlín. Bruch var afkastamikið tónskáld en verk hans hafa enst misvel á tónleikaskráum heimsins. Þekkt eru verk hans fyrir fiðlu og hljómsveit, Skosk fantasía og þrjár fiðlukonsertar, einnig Kol Nidrei fyrir selló og hljómsveit. Langþekktasta verkið er án efa Fiðlukonsertinn númer 1 sem fluttur er hér. Hann nýtur fádæma vinsælda enda fastur liður á efnisskrá helstu fiðluleikara veraldar.




Jean Sibelius (1865-1957) lést fyrir réttum 60 árum og leikum við eitt ástsælasta verk hans, *Valse triste*, til að minnast þess. Sibelius er ótvírætt eitt af höfuðtónskáldum tuttugustu aldarinnar og tónlist hans gegndi lykilhlutverki í að móta finnska þjóðarsál. Hann var meistari í að spinna saman öflugar laglínur og áhrifamikinn hljómagang. Í *Valse triste* leikur hann til dæmis hljómfraðilegt töfrabragð þegar í upphafstóktunum. Í örfáum tóktum tekst honum að skipta um tóntegund án þess að heyrt verði, þannig að endurtekið stefið er leikið hálf tóni hærra en í upphafi. Johan Julius Christian Sibelius, eins og hann hét fullu nafni, samdi tónlist við leikritið *Kuolema* (Dauðinn) eftir Arvid Järnefelt sem frumsýnt var 1903. Järnefelt var mágur Sibeliusar. *Valse triste* er einn af sex þáttum tónlistarinnar og er leikinn í fyrsta þætti leikritsins þar sem dregurinn Paavali og veik móðir hans koma við sögu. Móðurina dreymir draum. Dansarar fylla herbergið, móðirin örmagnast í dansinum og dansararnir fara. Dauðinn kemur í líki látins eiginmanns og vitjar hennar.



Georges Bizet (1834-1875) lét eftir sig furðulega mörg tónverk ef miðað er við stutta ævi. Námsferill hans við Conservatoire de Paris var glæsilegur og vann hann til margra verðlauna. Eftir það gekk honum þó brösulega að koma verkum sínum á framfæri. Síðasta verk hans var óperan *Carmen* sem tónskáldið hafði litla trú á að næði vinsældum. Bizet dó úr hjartaslagi þremur mánuðum eftir frumsýninguna. Ekki þarf að tíunda það hér að *Carmen* varð síðar ein vinsælasta ópera gervallra óperubókmenntanna og Bizet er talinn með mestu tónskáldum nítjándu aldar. Svítan sem hér verður leikin í dag er sett saman úr tónlist sem Bizet samdi fyrir leikhúsverk, *Stúlkuna frá Arles*, sem náði talsverðum vinsældum í París. Sérstaklega er *Farandole*, síðasti þáttur svítunnar, mikið leikinn. Hann er settur saman úr gömlu danslagi og þekktu frönsku jólagagi, *Marsi vitringanna þriggja* (*La Marcho di Rei*). Tónleikagestir geta því að loknum tónleikum gengið út í aðventuna með þetta hressilega franska jólaglag í kollinum.

NÓTAN - uppskeruhátíð tónlistarskóla - var haldin í áttunda sinn vorið 2017. Markmið Nótunnar eru meðal annars að styrkja ungt tónlistarfólk til listsköpunar, og efla listir, menntun og menningu í samfélaginu. Það er gert meðal annars með því að veita tónlistarnemendum viðurkenningu fyrir afrakstur vinnu sinnar og frammistöðu. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna gekk til samstarfs við Nótuna á síðasta ári með því að gefa ungum tónlistarmönnum, þátttakendum í uppskeruhátíðinni tækifæri til að leika einleik með hljómsveitinni. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna þakkar aðstandendum Nótunnar ánægjulega samvinnu og óskar unga tónlistarfólkinu gæfu á tónlistarbrautinni. Að þessu sinni varð fyrir valinu María Emilía Garðarsdóttir og mun hún leika einleik í Fiðlukonsert Max Bruch.



María Emilía Garðarsdóttir

María Emilía hefur stundað nám í Tónskóla Sigursveins frá þriggja ára aldri, fyrst undir handleiðslu Aðalheiðar Matthíasdóttur og nú síðustu árin Auðar Hafsteinsdóttur. Hún hefur tekið þátt í mörgum námskeiðum, t.d. Orkester Norden, Alþjóðlegu Tónlistarakademiunni í Hörpu, Tónlistahátíð Ungu Fólksins, Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands og komið fram sem konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Tónlistaskólanna og Sinfóníuhljómsveitar Ungu Fólksins. Í haust starfaði hún í Hljómsveit Íslensku Óperunnar í uppsetningu á *Toscu*.

Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga R. Óskarsdóttir

1. fiöla

Helga R. Óskarsdóttir
Aldís Elfarsdóttir
Jónína Thorarensen
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Anna von Heynitz
Zdena Tumová
Páll Ingvarsson

2. fiöla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Sigríður Helga Þorsteinsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Helga Andrésdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Brynhildur Höskuldsdóttir

Víóla

Elín Björk Jónasdóttir
Gylfi Guðjohnsen
Súsanna Friðriksdóttir
Sólrún Sigurðardóttir

Selló

Páll Einarsson
Sverrir Teitsson
Guðrún Svana Hilmarsdóttir
Isabel Barrio
Bianca Tighe
Anna Jórunn Stefánsdóttir

Bassi

Ásthildur Jónsdóttir
Kjartan Guðnason
Gunnar Hrafnsson
Jón Hörður Jónsson

Flauta

Kristrún Björnsdóttir
Lilly Rebekka Steingrímsdóttir
Sunna Friðjónsdóttir (pikkoló)

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir (enskt horn)

Klarinett

Ella Björt Teague Daniëlsdóttir
Magnús Pálsson

Saxófónn

Súsanna Friðriksdóttir

Fagott

Sigríður Kristjánsdóttir
Kristín Mjöll Jakobsdóttir
Snorri Heimisson (kontra)

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Erna Ómarsdóttir
Erling Róbert Eydal
Guðmundur Andri Ólafsson

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Hringur Gretarsson
Ólafur Elliði Halldórsson
Gunnar Kristinn Óskarsson

Básúnur

Steinn Völundur Halldórsson
Valgeir Geirsson
Gunnar Helgason

Túba

Breki Sigurðarson

Pákur

Frank Aarnink

Slagverk

Örvar Erling Árnason
Snorri Daniëlsson
Páll Helmut Guðjónsson

Harpa

Elísabet Waage

Upplýsingar um starf Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna má finna á vefsíðu hennar:
www.ahugasinfonia.is

Næstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna verða sunnudaginn 11. febrúar 2018 í Seltjarnarneskirkju. Stjórnandi verður Oliver Kentish. Fluttur verður meðal annars sellókonsert í D-dúr eftir Haydn. Einleikari á selló verður Ólöf Sigursveinsdóttir.

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju og Sinfóníuhljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning. Hljómsveitin nýtur stuðnings Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar 2017.



Reykjavíkurborg

